**SAMNINGUR**
**milli**
**Framsýnar, stéttarfélags og Þingiðnar**
**og**
**Samtaka atvinnulífsins vegna PCC BakkiSilicon hf.**

**1. gr.**

Aðalkjarasamningar Framsýnar, stéttarfélags og Þingiðnar voru framlengdir með kjarasamningum SA og SGS og Samiðnar dags. 7. mars 2024. Kjarasamningarnir gilda frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028. Samningur þessi felur í sér nánara samkomulag um framkvæmd þeirra samninga fyrir félagsfólk Framsýnar og Þingiðnar sem starfar hjá PCC BakkiSilicon hf.

**2. gr.**

**Launabreytingar**

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu og kjaratengdir liðir taka þeirri almennu launahækkun sem samið hefur verið um í aðalkjarasamningum SA og Framsýnar / Þingiðnar.

Launataxtar launatöflu hækka sérstaklega samkvæmt launatöflu sem fylgir samningi þessum.

**3. gr.**

**Orlof**

Frá og með 1. maí 2024 breytist ákvæði um lágmarksorlof og verður sem hér segir (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025)
Lágmarksorlof skal vera 25 virkir dagar og orlofslaun 10,64%.

**4. gr.**

Um kauptaxtaauka, framleiðniauka og samningsforsendur vísast til aðalkjarasamninganna.

Húsavík, 14. júní 2024

F.h. Framsýnar, stéttarfélags
með fyrirvara skv. l. 80/1938

F.h. Samtaka atvinnulífsins vegna
PCC BakkiSilicon hf.
með fyrirvara

F.h. Þingiðnar
með fyrirvara skv. l. 80/1938

**Kauptaxtar 1. febrúar 2024**

**Framleiðslustarfsmenn**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 460.931 | 487.162 | 500.110 | 513.938 | 525.461 | 534.680 |

**Iðnaðarmenn, ráðnir á grundvelli viðurkenndra réttinda til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 571.450 | 604.312 | 620.023 | 637.167 | 651.453 | 662.882 |

**Iðnaðarmenn með sveinspróf eða iðnmenntun sem PCC metur sambærilega, ráðnir til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 602.250 | 636.960 | 653.441 | 671.509 | 686.565 | 698.610 |

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður á árinu 2024 kr. 250.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 kr. 250.000.

**Kauptaxtar 1. janúar 2025**

**Framleiðslustarfsmenn**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 484.681 | 510.912 | 528.302 | 542.843 | 552.536 | 562.230 |

**Iðnaðarmenn, ráðnir á grundvelli viðurkenndra réttinda til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 595.200 | 628.062 | 648.768 | 666.624 | 678.528 | 690.432 |

**Iðnaðarmenn með sveinspróf eða iðnmenntun sem PCC metur sambærilega, ráðnir til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 627.000 | 662.210 | 683.430 | 702.240 | 714.780 | 727.320 |

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður á árinu 2025 kr. 275.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 kr. 275.000.

**Kauptaxtar 1. janúar 2026**

**Framleiðslustarfsmenn**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 508.431 | 534.662 | 556.732 | 569.443 | 579.611 | 589.780 |

**Iðnaðarmenn, ráðnir á grundvelli viðurkenndra réttinda til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 618.950 | 651.812 | 677.750 | 693.224 | 705.603 | 717.982 |

**Iðnaðarmenn með sveinspróf eða iðnmenntun sem PCC metur sambærilega, ráðnir til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 652.750 | 688.460 | 714.761 | 731.080 | 744.135 | 757.190 |

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður á árinu 2026 kr. 300.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 kr. 300.000.

**Kauptaxtar 1. janúar 2027**

**Framleiðslustarfsmenn**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 532.181 | 558.790 | 585.399 | 596.043 | 606.686 | 617.330 |

**Iðnaðarmenn, ráðnir á grundvelli viðurkenndra réttinda til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 644.700 | 676.935 | 709.170 | 722.064 | 734.958 | 747.852 |

**Iðnaðarmenn með sveinspróf eða iðnmenntun sem PCC metur sambærilega, ráðnir til starfa í iðn sinni**

| Byrjun | E. 1 ár | E. 3 ár | E. 5 ár | E. 7 ár | E. 10 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| 679.000 | 715.450 | 746.900 | 760.480 | 774.060 | 787.640 |

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður á árinu 2027 kr. 325.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 kr. 325.000.

**Bókun með kjarasamningi dags. 7. júní 2024 (ekki til dreifingar)**

Kjarasamningur aðila kveður á um sérstakan launarétt starfsmanna verði þeir óvinnufærir vegna slysa við vinnu. Til að stuðla að faglegu utanumhaldi eru samningsaðilar sammála um að við framkvæmd greinar 13.2. sé PCC heimilt að óska eftir heilsufarsskoðun trúnaðarlæknis, eða annars læknis með starfsleyfi hér á landi að vali starfsmanns. Allur beinn og óbeinn kostnaður vegna heilsufarsskoðunar, sem óskað er af hálfu PCC, greiðist af PCC, þ.m.t. kostnaður vegna ferða og gistingar og viðbótarkostnaður starfsmanns vegna uppihalds þegar við á.

PCC mun eiga gott samstarf við stéttarfélögin vegna framkvæmdar þessa ákvæðis og gæta meðalhófs þegar farið er fram á vottorð læknis með starfsleyfi hér á landi. Gangi það ekki eftir er stéttarfélögunum heimilt að segja upp þeirri framkvæmd sem lýst er í 1. mgr., og fellur ákvæðið þá niður.

Trúnaðarlækni er eftir sem áður heimilt að fá upplýsingar um heilsufar og horfur starfsmanns hjá þeim lækni sem gefið hefur út vottorð.